



Stjórnarfundur SKÍ

Fundargerð nr. 1652

Priðjudagur 30. maí 2023 / kl. 16.00 / Rafrænn fundur

- Efni fundarins:** Átjándi stjórnarfundur Skíðasambands Íslands (SKÍ) 2021 – 2023.
Fundarstjóri: Bjarni Theódór Bjarnason (formaður).
Fundarritari: Jónas Egilsson.
Pátttakendur: Jónas Egilsson framkvæmdastjóri, Bjarni Theódór Bjarnason formaður, Sigurður Sveinn Nikulásson formaður alpagreinanevndar, Gísli Reynisson gjaldkeri, Einar Ólafsson, formaður skíðagöngunefndar og Jón Egill Sveinsson varaformaður.
Fjarverandi: Hugrún Elvarsdóttir ritari og Friðbjörn Benediktsson formaður snjóbrettanevndar.

Fundur settur kl. 16.00.

Fundardagskrá

1. Síðasta fundargerð
2. Starfsmannamál
3. Forrit til að hafa eftirlit með kostnaði við einstök verkefni
4. Tillögur um kostnaðarskiptingu milli nefnda fyrir næsta starfsár – vísa til nefnda
5. Önnur mál – staða mála
 - a. Ný afstaðið FIS þing
 - b. Æfingabúðir (Kampur) landsliðsfólks í göngu á Akureyri
 - c. Mótauppgjör 2023
6. Næsti fundur – tillaga um 9. júní nk.

Fundargerð

1. Síðasta fundargerð
Samþykkt samhljóða og fundargerð gerð opinber á vef SKÍ.
2. Starfsmannamál

Formaður greindi frá því að gengið hefði verið frá samningi við Brynju Þorsteinsdóttur um starf afreksstjóra SKÍ. Hún verður í hlutastarfi í júní og júlí en í fullu starfi frá og með 1.

Ekki hefur verið gengið frá uppgjöri við fyrrverandi afreksstjóra, en stefnt er að því fyrir mánaðarmótin næstu.

Samþykkt að Snorri Einarsson verði í hlutastarfi hjá sambandinu, bæði afreksstjóra og landsliðsþjálfara til aðstoðar. Framkvæmdastjóra falið að ganga frá samningi við hann m.v. 30% starf.

3. Forrit til að hafa eftirlit með kostnaði við einstök verkefni

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir Exact forritinu sem hann vill fjárfesta í til að halda utan um kostnað við verkefni á vegum sambandsins. Samþykkt að heimila framkvæmdastjóra kaup á forritinu.

4. Tillögur um kostnaðarskiptingu milli nefnda fyrir næsta starfsár

Lögð fram tillaga að úthlutun fjármagns til nefnda, með vísan til gildandi fjárhagsáætlunar. Samþykkt að vísa áætluninni til nefnda til umsagnar.

5. Önnur mál

- a. Ný afstaðið FIS þing. Formaður greindi frá nýafstöðnu FIS þingi sem haldið var rafrænt í síðustu viku.
- b. Æfingabúðir (Kampur) landsliðsfólks í göngu á Akureyri. Æfingabúðir göngufólks standa nú yfir á Akureyri og eru undir stjórn Vegards, en Snorri var honum til aðstoðar við undirbúning og skipulag.
- c. Mótauppgjör 2023. Framkvæmdastjóri greindi frá því að uppgjör vegna móta vetrarins væri á lokametrunum, en gögn frá timataka.net hafa ekki borist enn.
- d. Verðlaun á skíðamótum. Umræður um kostnað, umfang verðlaun.
- e. Einar bað um fjárveitingu f.h. óstofnað félags vegna skíðagöngudags í nóvember nk., samtals 1,2 m.kr. Samþykkt með fyrirvara um að af verkefninu verði. Úthlutunin verði af liðnum kynning, fræðsla og útbreiðsla.
- f. Ársreikningur 2022 og skil á gögnum. Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir stöðu mála og gerir ráð fyrir að fyrstu drög að ársreikningi liggja fyrir á næsta fundi stjórnar. Rætt nánar um skil og skipulag á fjárreiðum sambandsins

6. Næsti fundur

Næsti fundur ákveðinn föstudaginn 9. júní nk.

Fundi slitið kl. 17.30.

Jónas Egilsson ritaði fundargerð.